

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 715/2013, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð tuttugu og þremur borgarfulltrúum sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna.

2. gr.

35. gr. samþykktarinnar breytist þannig að við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. svohljóðandi:

Sérhver borgarfulltrúi á rétt á aðgangi að fundargögnum þeirra ráða sem borgarstjórn kys til að fara með tiltekin mál eftir sérstökum samþykktum sínum, sbr. 63. gr. þessarar samþykktar.

3. gr.

50. gr. samþykktarinnar breytist þannig:

a. 5. tl. breytist og verður svohljóðandi:

Fjallar um og setur reglur um kjör og starfsaðstæður kjörinna fulltrúa, sbr. einnig IV. kafla.

b. Við greinina bætist nýr töluliður sem verður 8. tl. svohljóðandi:

Afgreiðir tilkynningar kjörinna fulltrúa um fæðingarorlof, veikinda- og slysaforföll.

4. gr.

2. mgr. 52. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í Reykjavík nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. þó ákvæði 63. gr. og 64. gr.

5. gr.

Lokamálsliður 63. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Aðalmenn þeirra ráða sem talin eru upp í B-lið skulu koma úr hópi aðalmanna í borgarstjórn. Varamenn skal velja úr hópi aðal- eða varamanna í borgarstjórn.

6. gr.

64. gr. samþykktarinnar breytist þannig að B-liður verður svohljóðandi:

B. Til fjögurra ára:

1. Einn mann í almannavarnarnefnd og tvo til vara.

2. Fimm menn í barnaverndarnefnd og fimm til vara. Formannskjör.

3. Þrjú menn í endurskoðunarnefnd og þrjú til vara. Formannskjör.

4. Tvo menn í ferilnefnd fatlaðra og tvo til vara. Formannskjör.

5. Tvo menn í fjölmenningsráð og tvo til vara. Formannskjör.

6. Fimm menn í heilbrigðisnefnd og fimm til vara. Formannskjör.

7. Fimm menn í hvert hverfisráð og fimm til vara. Formannskjör.

8. Þrjú menn í innkauparáð og þrjú til vara. Formannskjör.

9. Þrjú menn í ofbeldisvarnarnefnd og þrjú til vara. Formannskjör.

10. Þrjú menn í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og þrjú til vara.

11. Tvo menn öldungaráð og tvo til vara: Formannskjör.

Aðalmenn í nefndum sem taldir eru uppí 4., 5., 6., 8., 9. og 11. tl. B-liðar skulu koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn.

7. gr.

1. mgr. 68. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Framboðsaðila sem fulltrúa á í borgarstjórn en nær ekki kjöri í fastanefnd sem hefur fullnaðar-ákvörðunarvald í málum er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum nefndar með málfrelsi og tillögurétt. Þessi heimild gildir ekki um fulltrúa í barnaverndarnefnd.

8. gr.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 öðlast gildi við borgarstjórnarkosningar í maí 2018.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 10. apríl 2018.

F. h. r.

Ólafur Kr. Hjörleifsson.

Stefanía Traustadóttir.

—————
B-deild – Útgáfud.: 20. apríl 2018